

REGLUGERÐ

um aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 2.-3. tölul. XI hluta II. viðauka, skulu öðlast gildi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993, með áorðnum breytingum.

2. gr.

Eftirtaldar EB-gerðir öðlast því gildi hér á landi, sbr. 1. gr.:

- a. Tilskipun ráðsins um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um tilteknar aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna úr tveimur efnum nr. 72/276/EBE.
- b. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins nr. 72/276/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um tilteknar aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna úr tveimur efnum nr. 79/76/EBE.
- c. Tilskipun ráðsins um breytingar á 2. hluta II. viðauka tilskipunar nr. 72/276/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um tilteknar aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna úr tveimur efnum nr. 81/75/EBE.
- d. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar um breytingar á II. viðauka við tilskipun ráðsins nr. 72/276/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um tilteknar aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna úr tveimur efnum nr. 87/184/EBE.
- e. Tilskipun ráðsins um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um magngreiningu textíltrefjablandna úr þremur efnum nr. 73/44/EBE.

3. gr.

EB-gerðir, sem vísað er til í 1. og 2. gr., eru birtar í sértiliti, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 22. gr. laga nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 26. apríl 1994.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Gunnar Viðar.

AUGLÝSING

um verðjöfnunargjald á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu verðjöfnunargjald af súkkulaði, brauði, kexi og kökum í samræmi við upptalningu tollskránumera í neðangreindri gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á sem krónur á kíló. Þó skal samanlagður tollur og verðjöfnunargjald aldrei vera hærri en 46% af tollverði vöru í vörulíðum 1806 og 1901, og aldrei hærri en 37% af tollverði vöru í vörulíð 1905.